


# IBM System/34

## – Fyrsta fjölnotenda miðtölvun frá IBM -

IBM System/34 kom á markaðinn í apríl árið 1977 og var í raun arftaki System/32 tölvanna með margvíslegum nýjungum þ.á.m.



- Tölvun var fjölnotenda og fjölgjörva (multi-user, multi-tasking, multi-processor) þ.e. hún gat þjónað mörgum notendum (allt að 16) samtímis í gegnum skjávinnsur og einnig gat hún unnið fleiri en eitt verk eða vinnslur samtímis og hægt var að forrita s.k verkraðir (job queues).
- Öflugt aðgangsstýringarkerfi kom með **System/34** til að tryggja öryggi í dreifðri vinnslu.
- Prentaðakerfi til að stjórna prentun og geyma útprentanir á diskum
- Samnýting minnis og diska ( Caching, swapping, paging). Þar sem minni var dýrt og af skornum skammti var í stjórnkerfi **System/34** byggður inn möguleiki til að færa forrit úr minni og yfir á diska tímabundið (sýndar minni). Þetta jók afkastagetu tölvunnar mikið.
- Disklinga “magasín” með allt að 23 1,2MB disklingum samtals um 27,6 MB sem auðveldaði mjög innlestur gagna sem skráð voru á disklingana í sérstökum skráningurvélum af gerðinni IBM 3740.
- Öflugir fjarvinnslumöguleikar með tengingum fyrir allt að 4 símalínum samtímis en á hverja símalínu var hægt að tengja allt að 8 jaðartæki og þannig var hægt að tengja allt að 32 jaðartækjum í fjarvinnslu við hverja **System/34** tölvu.
- Fyrstu skjáirnir, IBM 5251, frá miðtölvudeild IBM litu dagsins ljós um leið og **System/34** tölvun var sett á markaðinn.

Þessar nýjungar sköpuðu nýjar og breytta notkunarmöguleika og með tilkomu **System/34** hófst dreifð vinnsla og starfsmenn hinna ýmsu deilda fyrirtækjanna urðu beinir þátttakendur í notkun tölvutækninnar með skráningu og úrvinnslu gagna sem tengdust þeirra starfi.

Hér á landi varð **System/34** geysivinsæl og seldist í miklu magni. Flest öll stærri fyrirtæki landsins tóku **System/34** í sína notkun og tölvuþjónustufyrirtækjum og reiknistofum fjölgaði mikið og þjónuðu þau mörgum fyrirtækjum samtímis í fjarvinnslu. Segja má að hýsing og kerfisveita hafi þá orðið almenn og útbreidd.